

Úrskurður

Kvörtun Halló! Frjálsra fjarskipta hf. dags. 29. nóvember 2000

Þann 29. nóvember 2000 barst Póst- og fjarskiptastofnun kvörtun frá Eyvindi Sólnes, hdl. f.h. Halló! Frjálsra fjarskipta (hér eftir HFF) vegna “meintrá” brota Landssíma Íslands hf. (hér eftir LÍ) á reglum um forval og fast forval í talsímanetum.

Taldi HFF að LÍ hafði brotið 10. gr. reglna um forval og fast forval í talsímanetum nr. 158/2000, þar sem LÍ væri skylt að gera ráðstafanir til þess að númer A-notanda sendist með símtalinu til þjónustuveitanda til þess að gera gjaldtöku mögulega. Einnig bæri LÍ að tilkynna þjónustuveitanda ef A-notandi hafi kosið að láta númer sitt ekki birtast B-notanda til að þjónustuveitandi geti virt ákvæði laga þar um og gert ráðstafanir til að A-númer berist ekki B-notanda.

Um afleiðingar þess að A-númerið er ekki sent með segir í kvörtuninni.

“Útlandagátt umbjóðanda míns, sem tekur við símtölum A-notanda og flytur þau áfram til B-notanda, getur ekki flutt símtöl áfram án númers A-notanda. Þannig er þeim innhringingum frá LÍ, sem ekki bera númer A-notanda, hafnað sjálfkrafa og afleiðingarnar eru þær að símnotanda er ómöglegt að hringja og/eða senda símbréf til útlanda”.

Þá segir í kvörtuninni að LÍ tengi bæði notendur með leyninúmer og notendur sem með öðrum hætti hafi frábeðið sér A-númerabirtingu til B-notanda við þjónustunet HFF án nokkra athugasemda að neinu tagi og beini LÍ símtölum frá þessum notendum í föstu forvali í útlandagátt HFF án þess að senda númer A-notanda með símtalinu eins og reglur kveða á um og þjónustukerfinu er nauðsynlegt til að tenging sé framkvæmanleg. Afleiðingin sé sú að viðskiptavinir HFF sem óskað hafa eftir númeraleynd af einhverju tagi hjá LÍ geta hvorki hringt né sent símbréf.

Í kvörtuninni er einnig yfirlit HFF á því ferli sem þeir telja að LÍ noti vegna tenginga við fast forval.

- A) Þegar notendur með númeraleynd af einhverjum toga eru á skráningarlista um fast forval til LÍ koma ekki fram athugasemdir um það á villuskrám sem sendar eru til baka til umbjóðanda míns frá LÍ.
- B) Þegar staðfestingarskýrsla berst frá LÍ (en þessi skýrsla inniheldur bæði tengd númer sem og þau númer sem af einhverjum ástæðu hafa ekki verið tengd) er notandi sem er með númeraleynd af einhverjum toga skráður þar sem tengdur notandi.
- C) Þegar notendur með númeraleynd af einhverjum toga, sem hafa verið skráðir á staðfestingarskýrslu frá LÍ og eru þannig í föstu forvali til umbjóðanda míns, hringja í 00 er símtalið flutt í útlandagátt hans án þess að númer A-notanda fylgi með.
- D) Það koma hvergi fram athugasemdir í ferli LÍ við númer sem eru skráð með númeraleynd af einhverjum toga og ekkert dæmi er til um að starfsfólk LÍ hafi bent umbjóðanda mínum á óskir einstakra notanda um að A-notanda númer hans berist ekki til B-notanda en það er forsenda þess að umbjóðandi minn geti sinnt skyldum sínum í samræmi við fjarskiptalög.

- E) Þann tíma sem unnið hefur verið að undirbúningi og framkvæmd fasts forvals með LÍ hefur aldrei verið minnst á þá staðreynd, að ekki væru öll símtöl sem flutt yrðu í kerfi umbjóðanda míns með sendingu á númeri A- notanda.”

Taldi kvartandi því að LÍ eigi verulega sök á þeim tæknilegu vandamálum sem upp komu hjá HFF og urðu viðskiptamönnum HFF tilefni til kvartana og að um brot á 10. gr. reglna um fast forval væri að ræða.

Þess er krafist að Póst- og fjarskiptastofnun beini þeim tilmælum til LÍ að félagið fari að reglum um fast forval að viðlögðum dagsektum.

Með bréfi dags. 30. nóvember 2000 var Landssíma Íslands hf. sent kvörtunin til umsagnar og var óskað eftir henni eigi síðar en 7. desember 2000. Að beiðni LÍ var fresturinn framlengdur til 8. desember 2001.

Bréf Landssíma Íslands hf. dags. 8. desember 2000

Svar barst frá LÍ þann 8. desember 2000 þar sem hann hafnar kröfugerð HFF og telur ekkert í málinu sem krefjist sérstakra aðgerða gagnvart Landssímanum. Sérstaklega er mótmælt kröfu um dagsektir.

LÍ rekur því næst sögu samskipta HFF og LÍ vegna fasts forvals og segir að frá upphafi hafi HFF verið gert grein fyrir því að merkjakerfi 7(Signaling System 7, skst.SS7) væri forsenda fyrir því að hægt væri að fá fast forval, þar sem uppgjör væri gert í samræmi við samtengisamning aðila og forsenda fyrir honum væri SS7. Vegna eindregna óska frá HFF var fallist á að senda símtöl í gegnum stofntengingu þar sem HFF hafði ekki SS7 en hafði lofað umtalsverðum hópi viðskiptavina þjónustu. Það hefði því verið vegna þrýstings frá HFF að fallist hefði verið á að senda símtöl þeirra sem valið höfðu fast forval til HFF í gegnum stofntengingu og var gerður sérstakur samningur milli aðila um uppgjör dags. 24. ágúst 2000.

Í svari LÍ kemur fram að einn annar þjónustuveitandi sé tengdur á sama hátt og HFF með stofntengingu og verkferill við sendingar sé sá sami og engin vandamál hafi komið upp. Það að búnaður HFF myndi reynast ófullnægjandi var ekki fyrir séð af hálfu LÍ enda verði að leggja þá ábyrgð á þjónustuveitanda að hann prófi kerfi fyrirfram til að sjá hvernig og hvort það virkar áður en þjónusta er almennt boðin fram til viðskiptavina. Um afleiðingu þess að símtöl eru send um stofntengingu til viðtakanda segir LÍ að A-númer notanda sem óskað hefur eftir leyninúmeri birtist ekki viðtakanda. Engin vandamál eru til staðar ef notaður er SS7.

LÍ lýsir þeirri skoðun sinni að reglur Póst- og fjarskiptastofnunar séu samdar með tilliti til tæknilegs hlutleysis og þess vegna ekki gerðar kröfur um tiltekinn tæknibúnað hjá þjónustuveitanda. Hins vegar sé ljóst að m.a. ákvæði 10. gr. gangi út frá því að búnaður viðtakanda uppfylli almennar gæðakröfur, sbr. bréf stofnunarinnar til Heimsnets ehf. dags. 26. október 2000.

LÍ heldur því fram að HFF hafi ekki nefnt einn þátt vandamálsins sem felist í því að HFF geti ekki greint undirnúmer fyrirtækja sem samið hafi um fast forval þrátt fyrir

það að þau eru birt og telur þetta gefa til kynna að vandamál HFF séu meiri en af er látið.

LÍ segir einnig að vísun HFF til 10. gr. reglna um forval og fast forval renni engum stoðum undir málflytning kvartanda. Af orðalagi greinarinnar megi glöggst ráða hver tilgangur hennar er. Þar segir: “Rekstrarleyfishafar skulu gera ráðstafanir til þess að númer A-notanda sendist með símtalinu til þjónustuveitanda *til þess að gera gjaldtöku mögulega*” (leturb. Símans). Tilgangurinn er sá að þjónustuveitanda sé mögulegt að gjaldfæra A-notanda fyrir símtalinu. Tilgangur hennar er ekki sá að gera fjarskipti möguleg.

Með bréfi dags. 4. janúar 2001 sendi Póst- og fjarskiptastofnun umsögn LÍ til HFF til andmæla þar sem ljóst var að ýmsar fullyrðingar m.a. tæknilegar stönguðst á. Sérstaklega var óskað eftir að fjallað yrði um þær fullyrðingar LÍ að búnaður HFF hafi reyndst ófullnægjandi og fullyrðingu þess efnis að búnaður HFF þekki ekki undirnúmer hjá viðskiptavinum þrátt fyrir að þau séu birt. Var óskað eftir að svar bærst eigi síðar en 10. janúar 2001. Að beiðni HFF var fresturinn framlengdur til 17. janúar og síðan aftur til 2. febrúar.

Bréf Halló! Frjálsra fjarskipta dags. 2. febrúar 2001

Svar barst frá HFF þann 2. febrúar 2001 og telur HFF að í umsögn LÍ komi ekkert fram sem skýrir það að ekki sé farið að reglum um forval og fast forval en kvörtunin varðar einungis brot á þeim reglum. HFF telur þó rétt að fjalla lítilega um þær fullyrðingar sem fram koma í umsögn LÍ.

LÍ heldur því fram að forsendan fyrir því að HFF fengi fast forval hafi verið sú að hann hefði yfir að ráða merkjakerfi 7 (SS7). Einnig að lágmarksskilyrði þess að samtengissamningur geti orðið virkur sé að aðili ráði yfir SS7. Tæknibúnaður HFF þjónar sínu hlutverki og engin ástæða til að kaupa SS7 eingöngu til að þóknast LÍ. Þá er þeirri staðhæfingu LÍ að búnaður HFF þekki ekki undirnúmer harðlega mótmælt. Vandamál komi einungis upp þegar LÍ sendir ekki A-númer.

Þá segir í umsögninni að málið snúist eingöngu um túlkun á 10. gr. reglna um forval og fast forval og að í ákvæðinu felist skylda rekstrarleyfishafa (LÍ) til að gera ráðstafanir til þess að númer A-notanda sendist með símtalinu til þjónustuveitanda. Í málinu liggja fyrir að LÍ gerði ekki slíkar ráðstafanir með þeim afleiðingum sem fram hafa komið.

HFF taldi einnig að LÍ hafi borið að upplýsa HFF um það að A- númer myndi ekki birtast í öllum tilvikum.

Með bréfi dags. 6. febrúar 2001 var LÍ send greinargerð HFF og gefinn kostur á að koma með athugasemdir fyrir 12. febrúar. Að beiðni LÍ var fresturinn framlengdur til 15. febrúar 2001.

Bréf Landssíma Íslands hf. dags. 15. febrúar 2001

LÍ ítrekar að líta verði til þeirra forsenda sem liggja að baki reglunum um fast forval nr. 158/2000 og að miðað sé við rekstrarleyfishafa og þjónustuveitanda sem hefur á að

skipa nægilega góðum tæknibúnaði til að taka á móti og vinna úr upplýsingum og sendingum frá rekstrarleyfishafa.

Hvað varðar kröfu LÍ að þjónustuveitandi þurfi að hafa SS7 eða sambærilegan búnað þá segir LÍ að krafan sé byggð á tæknilegum og málefnalegum ástæðum og vísar til stuðnings til Danmörku en þar sé samningur um fast forval hluti af samtengisamningi milli TDK og þjónustuveitanda.

Einnig verði að taka tillit til meðalhófsreglu stjórnisýsluréttarins við ákvörðun um hversu íþyngjandi kvaðir unnt er að leggja á rekstrarleyfishafa um hversu langt eigi að ganga í umsýslu og kostnaði svo að unnt sé að verða við öllum kröfum þjónustuveitanda sbr. 4. gr. reglna um forval og fast forval sem mælir fyrir um að fjarskiptafyrirtæki skuli verða við öllum sanngjörnum beiðnum þjónustuveitanda um forval.

Með bréfi dags. 20. febrúar 2001 var greinargerð LÍ frá 15. febrúar send HFF og boðað til sáttafundar þann 23. febrúar. Að beiðni LÍ var þeim fundi frestað til 5. mars 2001. Að beiðni HFF var fundinum síðan frestað til 12. mars 2001.

Póst- og fjarskiptastofnun ákvað þann 2. mars 2001 að senda bréf til deiluaðila og óska eftir svörum við ákveðnum spurningum vegna boðaðs sáttafunds og fara spurningarnar og svörin hér á eftir.

Eftirtaldar spurningar voru lagðar fyrir HFF:

1. Í sambandi við fast forval og viðtöku á símauppköllum frá notendum, hvaða gerð búnaðar hjá Halló! frjálsum fjarskiptum hf.(HFF) er í notkun og hvaða merkjasendingar staðla ræður sá búnaður við (SS7, C5, R2 eða annað)?

Svar HFF. Inband ISDN signal received through PRI link (Primary Rate ISDN) to Landssiminn.

2. Hvaða staðal vill HFF nota til að taka við boðum um A-númer og um númeraleynd?

Svar HFF. HFF wishes to use inband ISDN

3. Hvernig tryggir HFF að númer A-notanda séu ekki send áfram til B-notanda ef A-notandi hefur óskað eftir númeraleynd?

Svar HFF. The gateway HFF is using is configurable as part of database functionality to handle this, hence is capable of fulfilling the requirements of the subscriber.

4. Á HFF þess kost að bæta við búnaði fyrir SS7 til þess að eiga samskipti við önnur net?

Svar HFF. Yes.

5. Á hvaða stöðlum byggjast samskiptareglur útländastöðvar HFF við erlenda aðila?

Svar HFF. Ericsson proprietary TCP/IP setup which is implement in co-operation between Ericsson and service provider.

Eftirtaldar spurningar voru lagðar fyrir LÍ:

1. Í bréfi Landssíma Íslands hf. 8 desember 2000 kemur eftirfarandi fram “Ein afleiðing þess að símtöl eru send um stofntengingar til viðtakana er sú að A-númer notenda sem óskað hefur eftir leyninúmeri birtist ekki viðtakanda.” Hvar í ferlinum hjá Landssíma Íslands hf.(LÍ) er númer A- notenda fjarlægð ?

Svar LÍ. Stofntenging er notendalína og A-númer sem hafa númeraleynd eru ekki send í gegnum notendalínu til notenda. A-númerið er stöðvað á síðasta stigi (sem getur verið í skipti-, svæðis- eða útstöð) áður en það er sent inn á notendalínu sem eftir atvikum getur verið stofntenging.

2. Er eitthvað því til fyrirstöðu að LÍ sendi HFF um stofntengingu A-númer notanda ásamt merki um að númeraleyndar hafi verið óskað?

Svar LÍ. Tæknilega er ekkert því til fyrirstöðu að senda HFF A-númer notenda um stofntengingu ásamt merki um að númeraleyndar hafi verið óskað. Hins vegar verður Síminn að gæta að samningsskyldum gagnvart viðskiptavinum sínum sem óskað hafa eftir númeraleynd. Þær skyldur fela það í sér að ekki eru sendar upplýsingar um A-númer ef ekki er tryggt að þær upplýsingar birtist ekki B-notanda. Það er einnig ljóst að sértækar úrlausnir hafa í för með sér verulega aukinn kostnað og umsýslu sem ekki er gert ráð fyrir í samningi við HFF um fast forval eða samningum um fast forval almennt. Eins og áður hefur verið bent á hljóta reglur um fast forval að byggja á því að þjónustuveitandi uppfylli ákveðin lágmarksskilyrði. Þurfi að grípa til úrlausna af hálfu rekstrarleyfishafa sem ganga lengra en gert er ráð fyrir við fast forval almennt verður slíkt aðeins gert samkvæmt sérstökum samningi þar sem m.a. er tryggt að meðferð leyninúmera sé með tilhlýðilegum hætti og að sjálfsögðu gegn sanngjörnu endurgjaldi.

3. Hvernig sendir LÍ stórnotendum á stofntengingu upplýsingar um A-númer?

Svar LÍ. Almenn reglan að A- númer sem hafa númeraleynd eru ekki send í gegnum stofntengingu til notenda óháð því hvort endanotandi er fyrirtæki eða einstaklingur.

- A- númerið fer eftir merkjarás, D- rás (64kb/s), stofntengingarinnar til notandans.
- Ef ISDN grunn- eða stofntenging, er með númerabirtingu (CLIP) er A-númerið sent til B-notanda.
- Ef A- númerið er með númeraleynd (CLIR) eða notar *33* (tímabundna númeraleynd) er A-númerið EKKI sent til B.
- Ef A-númerið er með númeraleynd (CLIR) og notar *33* yfirskrifast númeraleyndin og A-númerið er sent til B.
- CLIP er sjálfgefið á öll ISDN þegar þau eru tengd, en hægt er að gera það óvirkt.
- Ef B-númer er með CLIPRO yfirskrifast alltaf númeraleynd (líka *33*) og A-númerið er sent til B, samanber Neyðarlínan, 112.
- Sjá nánar ETSI staðla EN 300 091, EN 300 092 og EN 300 093

Sáttafundur 12. mars 2001

Í samræmi við 2. mgr. 7. gr. laga nr. 110/1999 um Póst- og fjarskiptastofnun og 22. gr. fjarskiptalaga nr. 107/1999 boðaði PFS aðila á sáttafund þann 12. mars 2001 til að freista þess að jafna ágreining aðila. Á fundinum reifuðu aðilar mál sitt frekar og varð að samkomulagi að fulltrúar HFF myndu skýra frekar út hvað “inband ISDN signal” merkti og svara því hvort tillaga LÍ að lausn málsins um merkjasendingu á D-rás væri möguleg. Taldi HFF sig geta svarað þessu fyrir lok næstu viku þar á eftir.

Þann 20. mars 2001 skrifaði HFF bréf og vísaði í sáttafundinn sem haldinn hafði verið með deiluaðilum og bréfs LÍ þar sem spurningum PFS er svarað. HFF sagði að í 2. tölulið kæmi fram að að tæknilega væri því ekkert til fyrirstöðu að senda A- númer notanda um stofntengingu ásamt merki um að númeraleyndar hafi verið óskað. LÍ hafi þannig ávallt getað sent A-númer til HFF, eins og ítrekað hafi verið farið fram á.

Í ljósi þessarar staðreyndar og reglna um forval og fast forval krefst HFF þess að LÍ birti nú þegar A-númer notanda á öllum símtölum frá viðskiptavinum HFF um utanlandsgátt auk upplýsinga um það hvort viðskiptavinur hafi óskað eftir númeraleynd. Taldi HFF að samkvæmt þessu væri ekki þörf á þeim sértæku lausnum sem fram komu í þriðja lið svarbréfs LÍ. Auk þess myndu þær hafa í för með sér mikla vinnu og kostnað.

Þá tók HFF það fram í bréfinu að ávallt hafi verið tryggt að upplýsingar um A-númer notanda muni ekki birtast hjá B-notanda og það væri á ábyrgð HFF að verða við slíkum óskum viðskiptavina. HFF hafi frá upphafi haft þá stefnu að upplýsingar um A-númer notanda birtist aldrei hjá B-notanda.

Með bréfi dags. 27. mars 2001 til HFF óskaði PFS þess að fá svör við þeim spurningum sem upp komu á sáttafundi aðila 12. mars 2001 m.a. hvort HFF gæti tekið við merkinu á D- rásinni eins og LÍ bauðst til, einnig hvað “Inband ISDN signal” merkti og hvort HFF héldi fast við þá kröfu að fá merki sent á “Inband ISDN signal”

HFF svaraði með tölvupósti dags. 27. mars 2001 þar sem fram kom að það væri nokkrum vandkvæðum bundið að taka við símtölum á svokallaðri D-rás. HFF krefst þess að öll símtöl verði send á sömu rás með A-númerum, hvort sem um númeraleynd er að ræða eður ei. PFS sendi sama dag tölvupóst og spurði hvort með þessu væri átt við “Inband ISDN signal”. Svar barst frá HFF sama dag þar sem fram kom að átt væri við þá rás sem sent væri á í dag.

Með bréfi dags. 27. mars 2001 var LÍ send bréf HFF frá 20. mars 2001 og tölvupóstar frá 27. mars 2001. Í bréfinu sagðist PFS skilja svör HFF á þann veg að HFF vildi fá merkið sent eftir sömu rás og þeir fá þau A-númer sem ekki eru með númeraleynd. Óskað var eftir að LÍ upplýsti eftir hvaða rás þau merki fara í dag. Einnig ef LÍ gæti ekki sent merkið eftir sömu rás þá hvað væri því til fyrirstöðu. Þá var vakin athygli á því að HFF biði ekki upp á númerabirtingu og hvort það hefði einhver áhrif á sendingu merkisins.

Svar barst frá LÍ 30. mars 2001 þar sem fram kom að að HFF væri með ISDN stofntengingu og að allar merkjasendingar (DSS1) varðandi uppköll færu aðeins og

eingöngu fram á D-rásinni (rás 16) hvort sem þau væru með númeraleynd eða ekki. HFF tæki því við merkjasendingum á D-rásinni enda væri ekki um annan möguleika að ræða. Aldrei hefði verið boðið upp á “inband signal” fyrir ISDN uppköll enda væri það ekki hluti af þessum staðli. Þá kom fram að það hefði engin áhrif á sendingu merkisins að HFF biði ekki upp á númerabirtingu.

Með bréfi dags. 30. mars 2001 boðaði PFS aðila til nýs sáttarfundar þann 4. apríl 2001. Við eftirgrennslan PFS hjá aðilum málsins kom fram að enginn flötur var á frekari sáttaumleitunum milli aðila og var fundinum því aflýst og málið tekið til úrskurðar.

Niðurstaða

Í tilefni kvörtunar Halló Frjálsra fjarskipta hf. dags. 29. nóvember 2000 hefur Póst- og fjarskiptastofnun í samræmi við 7. gr. laga um Póst- og fjarskiptastofnun, nr. 110/1999 og 22. gr. laga um fjarskipti nr. 107/1999 leitað sátta milli deiluaðila án árangurs og kveður nú upp úrskurð í samræmi við eftirfarandi niðurstöður.

Með 2. mgr. 33. gr. fjarskiptalaga nr. 107/1999 var fjarskiptafyrirtækjum gert skylt að gera notendum sínum mögulegt að hringja í forskeyti eða númer allra aðila sem veita fjarskiptaþjónustu. Símnótandi átti að geta valið ákveðinn þjónustuveitanda og tilkynna það til þess fjarskiptafyrirtækis sem hann tengdist sem gera skyldi ráðstafanir til að símtölin fari hina fyrirfram völdu leið án þess að nota þurfti forskeytið hverju sinni. Póst- og fjarskiptastofnun var síðan falið að ákveða hvenær forval skyldi að fullu innleitt og var m.a. settur á fót vinnuhópur til að móta reglur um forval og fast forval. Reglur voru svo gefnar út þann 10. mars 2000 og eru nr. 158/2000. Reglurnar voru sendar fjarskiptafyrirtækjum til umsagnar áður en þær voru birtar. Einnig var tekin ákvörðun þann 30. maí 2000 um gjald fyrir hvern notanda í föstu forvali.

Eins og fram kemur í gögnum málsins er ágreiningur aðila um það með hvaða hætti merkjasendingar tengdar símtölum í föstu forvali skulu fara milli aðila og um sendingu upplýsinga um A-númer, þ.e. símanúmer símnótanda sem á upphaf að símtali. Lí hefur haldið því fram að HFF hafi frá upphafi verið gerð grein fyrir því að merkjasendingar samkvæmt merkjakerfi SS7 (Signalling System No. 7) væri forsenda fyrir því að hægt væri að koma á föstu forvali.

Enda þótt tæknilegir kostir merkjasendingarkerfisins SS7 séu ótvíræðir og þrátt fyrir að SS7 sé notað í alþjóðlegum talsímanetum liggur ekki fyrir skylda að nota kerfið innanlands. Í reglum um forval og fast forval, nr. 158/2000, er ekki kveðið á um það hvers konar merkjasendingar skuli nota við forval og fast forval, þ.e. við sendingu símtala frá rekstrarleyfishafa til þjónustuveitanda. Í 36. gr. laga um fjarskipti, nr. 107/1999 segir að tækjabúnaður almennra fjarskiptaneta skuli að jafnaði vera í samræmi við tækniastaðla sem gilda á Evrópska efnahagssvæðinu. Í lista ESB yfir staðla fyrir mismunandi þætti fjarskipta, sjá Official Journal of the European Communities, C339, dags. 7.11.98 er ekki tilgreindur staðall fyrir fast forval en vísað er til tækniskýrslu ETSI, TR 101 092. Skýrslan jafngildir ekki staðli. Póst- og fjarskiptastofnun dregur þá ályktun að ekki sé að finna í ísl. lögum eða stöðlum beina skyldu þjónustuveitanda til að setja upp SS7 merkjakerfi í þeim tilgangi að taka við símtölum í forvali eða föstu forvali.

LÍ hefur ekki haldið fast við kröfu sína um SS7 merkjasendingar milli aðila. Þannig hefur HFF verið gefinn kostur á að taka við símtölum í föstu forvali gegnum stofntengingu og það hefur komið fram að öðrum þjónustuveitanda hafi verið gefinn kostur á sams konar tengingu.

Um stofntengingu sem er m.a. tenging notuð milli notanda og símanets í samnetsþjónustu (ISDN) gilda ETSI og ITU staðlar. Uppbygging stofntengingu er á þann hátt að merkjasendingar fyrir allar talrásir í stofntengingu fara um eina 64 Kb/s rás sem nefnist D-rás. Merkjaflutningi í D-rásinni er m.a. lýst í ETSI staðli ETS 300 192. Auk upplýsinga um númer A- og B-notanda eru í D-rásinni sendar ýmsar upplýsingar sem tengjast þjónustu svo sem upplýsingar um að A-númer skuli fjarlæggt áður en símtalið er að lokum sent B-notanda. Um skipulag á notkun D-rásar í samnetstengingu er fjallað í “Digital Subscriber Signalling System No. one” (DSS1), sjá tilmæli ITU Q.931. Notkun DSS1 í sambandi við birtingu A-númera er gerð skil í staðli ETSI EN 300 092-1 og takmörkun á númerabirtingu í staðli ETSI ETS 300 093-1.

Það hefur komið fram að enginn tæknileg hindrun er fyrir því að LÍ sendi merkjasendingar í DSS1 formi á D-rás stofntengingar.

Í 10. gr. reglna um forval og fast forval, nr. 158/2000, segir m.a. að rekstrarleyfishafar skulu gera ráðstafanir til að númer A-notanda sendist með símtalinu til þjónustuveitanda til þess að gera gjaldtöku mögulega. Afgreiðsla símtala af hálfu þjónustuveitanda er möguleg án þess að hann hafi upplýsingar um A-númer, en gjaldtaka af hálfu þjónustuveitanda er háð því að upplýsingar um A-notanda sem að öllu jöfnu er greiðandi símtals liggja fyrir. Það liggur í hlutarins eðli að enginn þjónustuveitandi hefur áhuga á því að afgreiða símtöl án þess að geta innheimt gjald fyrir þau. Sending A-númers með hverju símtali er þannig forsenda þess að þjónustuveitandi geti afgreitt símtöl með föstu forvali.

Í sömu grein segir til viðbótar að þjónustuveitandi skuli tryggja að númer A-notanda verði ekki sent áfram til B-notanda ef A-notandi hefur valið þann kost að númer hans eigi ekki að birtast B-notanda. Þjónustuveitanda beri að virða ákvæði 34. gr. laga um fjarskipti, nr. 107/1999, en með ákvæðinu er áskrifendum gefinn kostur á því að númer þeirra verði ekki birt. Í samræmi við ákvæði tilskipunar 98/10/EB telur Póst- og fjarskiptastofnun það vera í valdi HFF að ákveða hvort notendum sé boðin númerabirting. Sé slík þjónusta boðin er HFF skylt að gæta númeraleyndar þegar óskað er eftir henni, þ.e. koma í veg fyrir að A-númer birtist í vanþökk A-notandans. Að öðrum kosti getur HFF valið að senda ekki A-númer frá sér undir neinum kringumstæðum. Það er hlutverk Póst- og fjarskiptastofnunar sem eftirlitsaðila sbr. 1. gr. og 3. gr. laga um Póst- og fjarskiptastofnun, nr. 110/1999 að framfylgja ákvæðum 10. gr. reglna um forval og fast forval og hafa eftirlit með því að óskir um númeraleynd séu virtar. LÍ hefur ekki hlutverki að gegna í því sambandi.

Vegna kröfu HFF um dagsektir telur Póst- og fjarskiptastofnun að lagaleg skilyrði fyrir dagsektum séu ekki fyrir hendi.

ÚRSKURÐARORÐ.

Merkjasendingar sem tengjast símtölum sem notendur Landssíma Íslands hf. velja að beina til Halló Frjálsra fjarskipta hf í forvali eða föstu forvali til frekari afgreiðslu skulu, meðan samningur aðila um stofntengingu er í gildi, fara um D-rás stofntengingarinnar og vera í samræmi við staðla um DSS1. Landssími Íslands hf. skal með hverju símtali senda Halló Frjálsum fjarskiptum hf. upplýsingar um A-númer í samræmi við 10. gr. reglna um forval og fast forval, nr. 158/2000. Í þeim tilfellum sem notandi hefur óskað númeraleyndar skulu upplýsingar um A-númer engu að síður sendar Halló Frjálsum fjarskiptum hf. ásamt merki um að númeraleyndar hafi verið óskað.

Ekki eru skilyrði til að leggja á dagsektir að kröfu Halló Frjálsra fjarskipta.

Ákvörðun þessi tekur gildi frá og með 27. apríl 2001.

Kópavogi 27. apríl 2001.